



**Lánasjóður sveitarfélaga ohf.**

**VIÐAUKI**

**við grunnlýsingu Lánasjóðs sveitarfélaga**

**dagsetta 30. júlí 2020**

*Handwritten signature in blue ink.*

## 1 ÁBYRGIR AÐILAR

### 1.1 Útgefandi

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

### 1.2 Yfirlýsing útgefanda

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, nafngreindir hér að neðan, fyrir hönd Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem þessi viðauki við grunnlýsingu dagsetta 30. júlí 2020 hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Jafnframt er Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100 umsjónaraðili með töku skuldabréfa lánasjóðsins til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Reykjavík, 15. mars 2021  
f.h. Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.  
Borgartúni 30, 105 Reykjavík



Kristinn Jónasson  
stjórnarformaður



Óttar Guðjónsson  
framkvæmdastjóri

## 2 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Þessi viðauki við grunnlýsingu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. dagsett 30. júlí 2020 er gerður til að koma á framfæri við fjárfesta mikilvægum nýjum upplýsingum sbr. ákvæði laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Um útgáfu og töku skuldabréfa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði fer fram samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum, þ.m.t. lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga og lögum nr. 110/2007 um kauphallir. Í þessum viðauka vísa „sjóðurinn“ og „Lánasjóðurinn“ til Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Þar sem viðaukinn tekur aðeins til tiltekinna atriða, skulu fjárfestar lesa viðaukann samhliða grunnlýsingunni til að öðlast nægjanlegar upplýsingar um útgefanda og viðkomandi skuldabréfaflokk.

Vísað er í kafla 11, Tiltæk skjöl, á blaðsíðu 8 í útgefandalýsingu grunnlýsingarinnar. Stjórn Lánasjóðsins hefur samþykkt endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2020 og var hann birtur í fréttaveitu Nasdaq Iceland þann 10. mars 2021

Eftirfarandi texti ásamt hlekk bætist við neðst í kafla 11 í útgefandalýsingu grunnlýsingar: Endurskoðaður ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2020 sem birtur var í fréttaveitu Nasdaq Iceland þann 10. mars 2021 <https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=1009073&lang=is>